

Jólasokkur



Jólasokkur

Verkefnið er ætlað 5. bekk og tekur fjórar til fimm kennslustundir.

Gott er að lesa kennsluleiðbeiningar með nemendum og sýna þeim viðeigandi áhöld áður en byrjað er. Þá geta sjálfstæðari nemendur hafist handa við vinnuna meðan kennarinn aðstoðar þá getuminni.

Fyrir 5. bekk

Markmið

Að nemandi

- öðlist færni í að nota málband og setja merkingar á vefjarefni
- noti einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikk-sakk á saumavél
- vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:45)

Efni og áhöld

- Efnisbútur, gott er að nota flís- eða filtefni eða annað efni sem ekki raknar upp.
- Efnispörf fer eftir stærð sokksins sem nemendur teikna snið af.
- Tölur, mislitur tvinni og blúndur, borðar og annað efni til skreytingar.
- Sníðapappír, skæri, títuprjónar, fatablýantur, saumavél.

Vinnulýsing

Klippið sniðið af sokknum út og leggið á efnið. Auðvelt er að stækka og minnka sniðið í ljósritunarvél.

Ef báðir helmingarnir eiga að vera úr eins efni er sniðið lagt á tvöfalt efnið. Festið sniðið niður með títuprjónum. Strikið með fram sniðinu með fatablýanti. Klippið út.



Hugmyndir að skreytingum

Ákveðið hvernig skreyta á sokkinn. Best er að skreyta áður en sokkurinn er saumaður saman. Ef þið ætlið að festa efnisbúta á sokkinn, t.d. hjarta eða stjörnu, er gott að nota flísófix.

Blúndur eða borðar festir á sokkinn

Blúndan eða borðinn eru fest með títuprjónum og saumuð niður í höndum eða vél.


Og svo er að sjálfsgöðu hægt að nota tölur, perlur og útsaum til skreytinga, t.d. þræðispor eða krosssaum.





Ákveðið hvernig hankinn á sokknum á að vera, t.d. úr renningi úr sama efni og sokkurinn, úr blúndu eða borða. Staðsetjið hankann á sokkinn og festið með títuprjóni.

Sokkurinn er saumaður í saumavél. Þræðið saumavélina með þeim tvinna sem þið ætlið að nota. Festið sokkinn saman með títuprjónum.



Ef saumarnir mega sjást leggið þið röngu á móti röngu. Festið hankann þar sem þið viljið hafa hann. Gott er að nota sikk-sakk eða beint spor. Munið að skilja eftir op efst á sokknum!



Ef saumarnir eiga ekki að sjást festið þið sokkinn saman með réttu á móti réttu – rangan snýr út. Gott er að nota beint spor. Saumið saman og snúið við. Athugið að þá þarf að festa hankann þannig að hann liggja milli efnisbútanna.

Einnig er hægt að hafa sokkinn saumaðan í höndum. Þá eru bæði stykkinn fest saman með títuprjónum, ranga á móti röngu. Og saumað saman með því spori sem ykkur dettur í hug. Munið að skilja eftir op efst á sokknum!